

**30. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima 30. maí 2014, kl. 8:15**

Mætt: Ragnhildur Jónsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Kristín Hermannsdóttir og Árdís Erna Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Tinna Björk Arnardóttir, Þorvarður Árnason, Vala Garðarsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir (fæðingarorlof).

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Fundarritari: Nína Síbyl Birgisdóttir

Dagskrá

1. Ráðningasamningur, tölvu-, launa- og símamál og fl. sem viðkemur starfi Davíðs A. Stefánssonar.

Við þurfum að finna lausn á tölvumálum Davíðs, hvar vista eigi gögn og aðgang að drifi. Hugmynd um að tala við Sveitarfélagið og finna lausn mála þar.

Velja þjónustuaðila vegna tæknimála þ.e. Stefán Brandur eða Sveinbjörn.

Rætt var um bókhaldsmál. Ath. hvort að gengið hafi verið frá samningum við Bókhaldsstofuna og ef ekki, leita þá aftur eftir tilboðum og að launagreiðslur fari í gegnum þá bókhaldsstofu. Einnig ákveðið að launaseðill verði yfirfarinn mánaðarlega af gjaldkera Nýheima.

Rætt um að rekstrarframlag til Nýheima frá ríkinu hafi ekki skilað sér þessa sex mánuði sem þekkingarsetrið hefur starfað en von er á því á næstu dögum.

Rætt um hvernig á að taka á móti Davíð eftir helgi. Farið verður í gegnum tékklista þannig að móttakan verði sem best og farið verði í allt sem skiptir máli.

Fundi slitið kl. 8:55

Nína Síbyl Birgisdóttir  
Ragnhildur Jónsdóttir